

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald til að standa undir kostnaði sveitarfélagsins af sorphirðu og sorpeyðingu.

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Skútustaðahrepps og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Auk þess er innheimt hálf gjald af frístundahúsum með sama hætti.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald í Skútustaðahreppi er sem hér greinir:

- | | |
|---|------------|
| a) Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúð/íbúðarhúsnæði | 42.000 kr. |
| b) Sumarhús og hús þar sem ekki er föst búseta (lögheimili) | 21.000 kr. |
| c) Sorptunnugjald fyrir nýja tunnu | 19.000 kr. |

Gjalddagar eru þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

- | | |
|--|-----------|
| d) Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4 m ³ af úrgangi), fyrir heimili | 8.500 kr. |
|--|-----------|
- Eitt ókeypis kort fylgir hverju heimili einu sinni á ári.
- e) Gjöld lögaðila vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð eru eftirfarandi:
Fyrir áætlað lámárgagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða í móttöku og flutningsgjald kr. 4.100 og í urðunargjald kr. 4.400 eða samtals kr. 8.500.
Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald kr. 37,12 og kr. 44,10 í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætast kr. 4.100 í móttöku- og flutningsgjald og kr. 4.400 í urðunargjald.
Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 1188/2015 um sorphirðu í Skútustaðahreppi úr gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 11. janúar 2017.

Skútustaðahreppi, 12. janúar 2017.

Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2017